

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi verklagsregla tengist HB-001 Handbók jafnlaunakerfis Verkmenntaskólans á Akureyri. Verklagsreglan lýsir þeim aðgerðum sem beitt er við skoðun á frábrigðum, ábendingu, úrbótum og forvörnum sem fram kunna að koma við starfrækslu jafnlaunakerfis Verkmenntaskólans á Akureyri.

2 ÁBYRGÐ

Rekstrar- og fjármálastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni og sér til þess að unnið sé eftir henni.

3 FRAMKVÆMD

Rekstrar- og fjármálastjóri ber ábyrgð á að bera kennsl á frábrigði, rannsakar, gerir viðeigandi ráðstafanir og bregst við t.d. ef um verður að ræða mismun á launum kynjanna í jafnlaunagreiningu. Rekstrar- og fjármálastjóri tryggir að ákvarðanir um laun séu í samræmi við stefnu Verkmenntaskólans á Akureyri, rýnir og metur eðli frávika sem upp kunna að koma og leitar lausna í samræmi við alvarleika og eðli máls hverju sinni. Leitast er við að vinna að stöðugum umbótum og brugðist er við með úrbótum ef þurfa þykir (t.d. með aukinni þjálfun eða með því að breyta verklagi). Rekstrar- og fjármálastjóri ber ábyrgð á að rýna áhrif þeirra úrbóta og forvarna sem gripið er til og er fjallað um úrbætur og forvarnir í rýni stjórnenda hverju sinni. Rekstrar- og fjármálastjóri ber ábyrgð á að bera kennsl á möguleg frábrigði, t.d. athugasemdir frá hagsmunaaðilum sem geta verið frábrigði.

Allar ábendingar, kvartanir, úrbótaverkefni og forvarnarverkefni sem tengjast kerfinu eru skráðar samkvæmt GÁT-006 ábendingar, kvartanir og umbætur.

Ábendingar, kvartanir, umbætur og tillögur um forvarnir berast til jafnlaunaneftndar t.d. með samtali, símtali eða með tölvupósti. Jafnlaunaneftnd

metur hverju sinni hvernig bregðast skal við, boðar til fundar og lætur þá sem málið varðar vita um ákvörðun sína. Rekstrar- og fjármálastjóri tryggir að öll þau gögn séu vistuð samkvæmt skjalastýringarkerfi skólans.

Almennar fyrirspurnir sem kalla ekki á frekari aðgerðir eru vistuð í skjalastýringarkerfi skólans undir laun 20xx – samskipti vegna launa.

4 TILVÍSANIR

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:

4.5.3 Frábrigði, útbætur og forvarnir

GÁT- 006 ábending, kvörtun og umbætur

Skjöl og skrár sem tengjast verklagsreglu:

HB-001 Handbók jafnlaunakerfis

Stefnur á heimasíðu

Jafnlaunastefna Verkmenntaskólans á Akureyri